



Bein áhrif stríðsins á íslenskan efnahag léttvæg

Innrás Rússlands í Úkraínu hefur aukið verulega óvissu um efnahagsþróunina í heiminum á þessu ári og vakið upp spurningar um áhrif stríðsins á íslenskan efnahag. Bein áhrif á íslenskan efnahag ættu að verða verulega léttvæg en óbeinu áhrifin gætu orðið töluvert mikil. Dæmi um óbein áhrif er hækkan heimsmarkaðsverðs olíu sem mun hækka verðbólgu hér heima og erlendis. Mikil óvissa ríkir um hversu mikil þessu óbeinu áhrif verða og hvers lengi þau vara en það mun eðlilega ráðast að mestu leyti af þróun stríðsins.

Sé lítið til beinna áhrifa er rétt að horfa til vægis Rússlands og Úkraínu í utanríkisviðskiptum Íslands en það hefur verið mjög lítið á síðustu árum. Um 1,6% af heildarútflutningi frá Íslandi fór samanlagt til Rússlands og Úkraínu árið 2020. Útflutningurinn nam 15,7 mö.kr. af samtals 1.010 ma.kr. heildarútflutningi vara og þjónustu frá Íslandi árið 2020.


Útflutningur til landanna aðeins meiri en innflutningur

Innflutningur til Íslands frá þessum tveimur löndum var 0,5% af heildarinnflutningi árið 2020. Heildarinnflutningur hér á landi af vörum og þjónustu var 1.031 ma.kr. en innflutningurinn frá þessum tveimur löndum nam 4,9 mö.kr. Útflutningur til landanna hefur verið nokkrum milljörðum krónum meiri en innflutningur. Af þeim sökum kunna áhrif stríðsins á gengi krónunnar, að öðru óbreyttu, að verða til örlítillar veikingar til skemmri tíma lítið.

Útflutningur til Rússlands mun meiri áður


Útflutningur til Rússlands var áður fyrr mun meiri en hann hefur verið síðustu ár. Þannig var t.d. töluverður útflutningur til Rússlands á árunum 2013-2015 svo dæmi sé tekið og var meginuppistaðan í útflutningnum uppsjávarfiskur og þá helst síld, loðna og kolmunn. Viðskiptabann á sölu afurða til Rússlands ásamt innflutningsbanni á íslenskar sjávarafurðir hefur haft þau áhrif að útflutningur til Rússlands er í dag mun minni en árin 2013-2015.

Ma.kr. Útflutningur til Rússlands og Úkraínu



Samtals vöru- og þjónustuútflutningur. *Tölur um niðurbrot á þjónustuútflutningi til landanna liggja ekki fyrir. Því er einungis um að ræða vöruútflutning fyrir 2021. Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands

Vöruútflutningur til Rússlands



Heimild: Hagstofa Íslands

Notuð skip stór hluti af útflutningi til Rússlands

Töluvert hefur verið um útflutning á notuðum skipum til Rússlands á síðustu árum og hefur hann skipað mjög stóran sess í heildarvöruútflutningi til landsins á þeim tíma. Milli árana 2017-2021 voru flutt út skip til Rússlands fyrir andvirði 15,5 ma.kr. Á sama tímabili var heildarvöruútflutningur til Rússlands um 31,4 ma.kr. og útflutningur skipa því tæplega helmingurinn af útflutningsverðmætinu. Heildarútflutningsverðmæti notaðra skipa var á þessu tímabili 26,6 ma.kr. og því ljóst að bróðurparturinn af útflutningi á notuðum skipum hefur farið til Rússlands. Ljóst er að ef stríðið í Úkraínu dregst á langinn gætu Íslendingar þurft að finna aðra markaði fyrir notuð skip. Nokkuð hefur verið um að notuð skip hafi verið flutt út til Grænlands og Noregs á undanförunum árum. Mögulega væri hægt að finna kaupendur af skipum í þessum löndum á næstu árum.


Síld, makrill og laxaafurðir meginuppistaðan í útflutningi til Úkraínu

Mest af vöruútflutningi til Úkraínu hefur verið í formi sjávar- og fiskeldisafurða. Á síðasta ári nam heildarvöruútflutningur til Úkraínu um 6,6 mö.kr. og voru 4,7 ma.kr. þar af í formi síldar, makrils og laxaafurða. Nokkur aukning hefur orðið á útflutningi laxaafurða til Úkraínu á síðustu árum, samfara auknum útflutningi á fiskeldisafurðum frá Íslandi. Útflutningsverðmæti laxaafurða í fyrra nam rúmlega 1,8 ma.kr. Útflutningur makrils nam 1,6 mö.kr. og útflutningar síldar um 1,3 mö.kr. Ef stríðið dregst á langinn er ljóst að útflytjendur þessara afurða þurfa að finna nýja markaði fyrir þær.

Rússneskir ferðamenn vega mjög lítið í heildarsamhenginu


Rússneskir ferðamenn hafa verið áberandi en sögur hafa á síðustu árum gengið um mikla eyðslu efnaðra Rússa hér á landi. Raunin er hins vegar sú að mikilvægi Rússa fyrir íslenska ferðaþjónustu er lítið. Síðasta ár fyrir faraldur, árið 2019, voru kaup þeirra af íslenskri ferðaþjónustu hér á landi um 3,1 ma.kr. sem gerir um 0,9% af heildarneyslu erlendra ferðamanna á því ári. Kaup þeirra á þjónustu innlendra flugfélaga voru rúmlega 500 m.kr., eða um 0,3% af heildartekjum innlendra flugfélaga af erlendum aðilum. Ekki er hægt að sjá útflutning

Útflutningur notaðra skipa eftir löndum




Heimild: Hagstofa Íslands

Vöruútflutningur til Úkraínu



Heimild: Hagstofa Íslands

Útflutningur ferðaþjónustu og gistinætur



Heimild: Hagstofa Íslands



Íslenskrar ferðaþjónusta til Úkraínu í gögnum Hagstofunnar en ljóst er að hann er margfalt minni en til Rússlands. Gistinætur ferðamanna frá Úkraínu 2019 voru rúmlega 14 þúsund samanborið við 66 þúsund nætur hjá Rússum og því 21% af fjölda gistinóttu Rússa. Sé það hlutfall notað má ætla að útgjöld ferðamanna frá Úkraínu í ferðalög hér á landi hafi numið í kringum 700 m.kr. árið 2019.

Óbein efnahagsleg áhrif verða líklegast mun meiri en þau beinu


Bein áhrif af innrásinni á innlendan efnahag verða líklegast verulega takmörkuð. Óbein áhrif af stríðinu kunna hins vegar að verða töluvert mikil. Dæmi um óbein áhrif eru áhrif hækkunar olíuverðs á verðbólgu. Til skemmri tíma hækkar verð á innlendu dælueldsneyti. Til lengri tíma leiðir hækkun eldsneytisverðs til hækkunar flutningskostnaðar sem leggst ofan á kostnaðarverð vara og eykur þannig verðbólgu. Þessi áhrif munu koma fram bæði hér á landi og erlendis og leiða til hærri verðbólgu. Innflutt verðbólga verður því einnig hærri sem leggst síðan ofan á innlenda verðbólgu.

Verðbólgan verður enn þyngrri höfuðverkur í heiminum

Verðbólga hefur verið að vaxa í heiminum á síðustu ársfjórðungum og er nú víða komin í nokkurra áratuga hámark. Hækkun verðbólgu mun kalla á harðara aðhald frá peningamálayfirvöldum í formi hærri vaxta sem munu síðan aftur hafa neikvæð áhrif á þætti eins og fjárfestingu og eignaverð. Hærri verðbólga mun draga úr kaupmætti sem mun síðan einnig draga úr einkaneyslu a.m.k. til skamms tíma. Áhrif aukinnar verðbólgu í heiminum á alþjóðlega hagvaxtarþróun verða því líkast til neikvæð.

Peningamálayfirvöld eru milli steins og sleggju um þessar mundir því verðbólga er há og fer vaxandi. Á sama tíma hafa horfur fyrir hagvöxt á árinu farið versnandi vegna stríðsins. Til þess að hemja verðbólgu og verðbólguvæntingar eru flestir sammála um að seðlabankar verði að hækka vexti. Ef ekki, gæti verðbólgan orðið mikið meiri vandamál og mun dýrara verður að ná henni aftur niður, í formi hærri nafnvaxta og lengra tímabils hárra vaxta. Svigrúmið til þess að hækka vextina minna vegna stríðsins er því takmarkað.

Breyting á eldsneytisverði og hráolíu



Bensínverð hér á landi og heimsmarkaðsverð á olíu í Bandaríkjadollurum. Breyting á 12 mánaða grundvelli. Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



Aukið framboð á öðrum mörkuðum


Viðskiptabann á kaupum á rússneskum útflutningi hefur einnig þau áhrif að draga úr framboði á ýmsum öðrum hrávörum og öðrum útflutningi Rússa. Það hækkar síðan verð á þeim vörum sem einnig virkar til aukinnar verðbólgu í heiminum. Gott dæmi um þetta eru áhrif stríðsins á olíuverðið sem hefur hækkað mikið frá innrásinni.

Dæmi um önnur óbein áhrif er að útflytjendur sem hafa verið að flytja til Rússlands þurfa að finna aðra markaði. Framboðið breytist ekki en þarf að finna sér aðra markaði sem eykur því heildarframboð á mörkuðum utan Rússlands. Það kann að koma niður á því verði sem íslenskur sjávarútvegur fær fyrir sínar afurðir erlendis.

Stríðið hefur líklegast neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna

Hækkun olíuverðs mun auka verðbólgu og hækka kostnað hjá flugfélögum sem munu þurfa að mæta því að einhverju leyti með hækkun fargjalda. Hækkun verðbólgu í heiminum verður einnig til þess að draga úr kaupmætti ferðalanga. Hækkun olíuverðs mun því hafa áhrif til minni fjölgunar erlendra ferðamanna á þessu ári og/eða minni eyðslu þeirra. Þessu til viðbótar hefur stríðið haft töluverð áhrif á flugumferð í Evrópu og kann að draga úr vilja og möguleikum fólks til þess að fljúga. Þessi áhrif öll kunna því að draga úr vexti ferðaþjónustunnar á þessu ári. Þar sem Ísland er staðsett mun lengra frá átökunum en lönd í Evrópu kann stríðið að beina ferðamannastraumnum meira í átt að Íslandi. Það gæti því vegið á móti neikvæðum áhrifum stríðsins. Heilt yfir verða áhrifin þó líklegast neikvæð.

Breyting á verði utanlandsflugs og hráolíu



Verð á utanlandsflugi. Breyting á 12 mánaða grundvelli.
Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Macrobond



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.